

Mál nr. 2/2012
Ungmennafélagið Fjölnir
gegn
Knattspyrnudeild Þróttar

Kæra Fjölnis

Dómkröfur

Krafa Fjölnis er að leikurinn verði spilaður aftur.

Málavextir

10 júlí 2012 kl.18:00 var spilaður leikur í 3.flokki karla A-lið í B-riðli íslandsmóts.

Fór leikurinn fram á Þróttaravelli(við suðurlandsbraut)

Einsog lög gera ráð fyrir var fyrri hálfleikur 40 min en vegna mistaka dómarar var síðari hálfleikurinn aðeins 35mín,

Þjálfari Fjölnis gerði strax athugasemd við þetta og skrifaði einnig dómarinn leiksins um þetta í leikskýrslu.

Þegar dómari og þjálfarar Fjölnis vildu klára síðustu 5 min leiksins voru leikmenn þróttar farnir af leikstað.

Þegar dómarinn flautaði leikinn af þá var staðan 4-3 fyrir þrótt.

Tilvísun

26.gr.

3. flokkur karla

11 MANNA LIÐ

Aldur: 16 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 80 mín. (2 x 40 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 20 mín. (2 x 10 mín.)

Skiptingar: Heimilt er að setja alla (5) varamenn inn á í leik.

Stærð knattar: 5

17.gr.

Lögmæti kappleiks

17.1. Kappleikur er því aðeins gildur, að farið sé eftir lögum og reglugerðum KSÍ.

Eftir grein 26 var ekki farið eftir í síðari hálfleik í leik Þróttar og fjölnis

Röksemdir (hér þarf að rökstyðja kröfur aðila):

Það er til fordæmi fyrir þessu og þá var leikurinn spilaður aftur.

2004 18.júní selfoss-Hrunarmenn í 3.flokki karla, leikurinn var spilaður í 2X35 min og var kærður og fór aftur frá 27.ágúst.

Sönnunargögn:

Gunnar Jarl Gunnarsson viðurkenni mistök í þessu máli og skrifaði email til Birkis mótastjóra KSI.

Vitni

Nafn: Valdimar Unnar Jóhannsson

Kennitala: 250689-2179

Heimilisfang: Víkurás 2 110 Rvk

Nafn: Gunnar Jarl Jónsson

Kennitala: 0209833619

Heimilisfang: Kambasel 3

Undirskrift:

f.h. Fjölnis

Hermann Hreinsson

Greinargerð frá Þrótti**Málavextir og málsástæður kærða:**

Um málavexti vísast til kæru Fjölnis móttækin dags. 17. Júlí 2012. Þó er nauðsynlegt að gera eftirfarandi athugasemdir við það sem þar kemur fram;

Dómari leiksins var Gunnar Jarl Gunnarsson en hann er reynslumikill dómari í efstu deild og fullfær um að dæma leik í þriðja flokki karla. Fullyrt er í kærinni að síðari hálfleikur leiksins hafi verið 35 mínútur vegna mistaka dómara. Þessu er mótmælt sem röngu og í öllu falli ósönnuðu. Kærandi fullyrðir að dómari hafi viðurkennt þessi mistök í leikskýrslu. Það er beinlínis rangt. Þar tiltekur dómari að hann hafi fengið athugasemdir við leiktíma frá þjálfara Fjölnis. Hann tiltekur jafnframt að þær athugasemdir hafi ekki verið í samræmi við leikklokku dómara sem hafi sýnt 42:30. Engin ástæða er til að rengja það. Dómarinn sýndi Kristjáni Jónssyni þjálfara Þróttar klukku sína og getur hann staðfest það sem á henni stóð og er farið fram á að hann sé kallaður fyrir til skýrslutöku. Jafnframt sýndi hann þjáfurum Fjölnis leikklokku sína eins og þeir geta staðfest. Rétt er að taka fram að dómarinn var með tvær leikklokkur eins og hann getur staðfest.

Kærandi heldur því fram að leikurinn hafi verið of stuttur. Það er því kæranda að sanna það. Það hefur hann ekki gert. Ekki hefur verið sýnt fram á að leiktíminn hafi verið stuttur. Hvorki leikskýrsla dómara, né sá tölvupóstur sem kærandi fullyrðir að feli í sér viðurkenningu dómara á „mistökum“ sínum felur í sér neina staðfestingu hans á því að leikurinn hafi í raun verið 35 mínútur. Þar er þaulreyndur dómari leiksins eingöngu að lýsa því að hann hafi aldrei áður lent í því að þjálfarar hafi dregið í efa það sem leikklokka hans sýnir. Og lýsa furðu sinni á því.

Kjarni málsins er sá að leikkluþka hins reynda dómara sýndi að leiktíma var lokið. Leikurinn var því réttilega flautaður af. Ósannað er að leiktíminn hafi verið of stuttur. Telji úrskurðarnefndin engu að síður, þrátt fyrir ofangreint, fullsannað að leiktími hafi verið of stuttur er á því byggt að slíkt geti engan vegin leitt til þess að leikurinn verið endurtekin. Úrslit leiksins skulu engu að síður standa. Það er dómarsans að fylgjast með leiktíma leiksins eins og öðrum atriðum sem snýr að reglum leiksins og að hann sé spilaður í samræmi við lög og reglur KSÍ. Hafi hann gert mistök við tímatöku í leiknum, sem er mótmælt sem röngu og ósönnuðu, ber að líta á þau mistök á sama hátt og hver önnur mistök dómara við framkvæmd leiks. Fulljóst er að leikur verður ekki endurtekin þó að dómari hafi augljóslega gert mistök við dómgæslu leiks. Jafnvel þótt slík misstök hafi verið viðurkennd eftir, sem er ekki tilfellið hér. Og jafnvel ef líklegt er að þau misstök hefðu haft áhrif á niðurstöðu leiksins, t.d. augljós vítaspyrnudómur sem er sleppt eða bolti sem augljóslega fer yfir línu. Hvorugt er tilfellið hér.

Engin ástæða er því til að fallast á kröfur Fjöltnis í málinu, í fyrsta lagi vegna þess að algerlega ósannað er, gegn mótmælum kærða, að nokkuð hafi vantað uppá leiktíma leiksins, og í öðru lagi vegna þess að jafnvel þótt slíkt teljist sannað þá leiðir það ekki til þess að leikurinn skuli endurtekin. Engin leið er til að átta sig á því meinta fordæmi sem nefnt er af kæranda enda liggja málavextir þess máls ekki fyrir. Þó virðist sem í því máli liggja fyrir svart á hvítu að leikurinn hafi verið of stuttur. Slíkt er ekki tilfellið hér. Engar forsendur eru til þess að leikmenn þriðja flokks Þróttar eigi að bera hallann af ósönnuðum fullyrðingum þjálfara Fjöltnis þess efnis að leikurinn hafi verið of stuttur, með þeim afleiðingum að tekin verði af þeim lögmætur sigur í Íslandsmóti.

Komi til þess að úrskurðarnefndin ætli sér að taka skýrslur af aðilum vegna þessa máls er óskað eftir því að eftirtaldir aðilar verði kallaðir fyrir:

Gunnar Jarl Gunnarsson dómari leiksins

Kristján Sigurður Fjelsteð Jónsson-þjálfari Þróttar

Jafnframt er áskilinn réttur til að koma að frekari málsástæðum, gögnum og upplýsingum á síðari stigum telji kærði ástæðu til þess.

Reykjavík 23. Júlí 2012
f.h. Knattspyrnudeildar Þróttar

Pétur Ó. Stephensen,
framkvæmdastjóri Þróttar

Úrskurður frá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Ár 2012, þriðjudaginn 24. júlí er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Sigurði Guðmundssyni, Gunnari Guðmundssyni og Helga Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. xxx /2012:

Ungmennafélagið Fjölur
gegn
Knattspyrnudeild Þróttar

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Ungmennafélagið Fjölur, kennitala:6901933299, Fossaleyni 1, 112 Reykjavík

Kærði:

Knattspyrnudeild Þróttar, Kennitala: 550783-0299, Engjavegi 7, 104 Reykjavík

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ innan kærufrests þann 13. júlí sl. með símbrefi og með pósti sem barst 17. júlí. Dómari ákvað hefðbundna meðferð málsins í samræmi við grein 7.4. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Var kærða því gefinn kostur á að skila geinargerð innan 7 daga og barst hún skrifstofu KSÍ þann 23. júlí sl. með tölvupósti, innan tilskilins frests.

Kröfur:

Krafa kæranda er að leikurinn verði spilaður aftur.
Krafa kærða er sú að úrslit leiksins verði látin standa.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málsatvikum þannig:

10. júlí 2012 kl.18:00 var spilaður leikur í 3.flokki karla A-lið í B-riðli Íslandsmóts.

Fór leikurinn fram á Þróttaravelli.

Eins og lög gera ráð fyrir var fyrri hálfleikur 40. mín en vegna mistaka dómara var síðari hálfleikurinn aðeins 35. mín.

Þjálfari Fjölnis gerði strax athugasemd við þetta og skrifaði einnig dómari leiksins um þetta í leikskýrslu.

Þegar dómari og þjálfarar Fjölnis vildu klára síðustu 5. mín leiksins voru leikmenn Þróttar farnir af leikstað.

Þegar dómariinn flautaði leikinn af þá var staðan 4-3 fyrir Þrótt.

Kærandi telur að brotið sé gegn 17. og 26. grein Reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót og er vísað til dómafordæmis frá 18. Júní 2004 þar sem sannarlega lá fyrir að leiktími var of stuttur og úrskurðað þess efnis að leikið skyldi að nýju.

Þessu til sönnunar er jafnframt vísað í tölvupóst Gunnar Jarls Gunnarssonar dómara til mótastjóra KSÍ.

III.

Hið kærða félag lagði fram greinargerð þar sem eftirfarandi kom fram orðrétt:

Dómari leiksins var Gunnar Jarl Gunnarsson en hann er reynslumikill dómari í efstu deild og fullfær um að dæma leik í þriðja flokki karla. Fullyrt er í kærinni að síðari hálfleikur leiksins hafi verið 35 mínútur vegna mistaka dómara. Þessu er mótmælt sem röngu og í öllu falli ósönnuðu. Kærandi fullyrðir að dómari hafi viðurkennt þessi mistök í leikskýrslu. Það er beinlínis rangt. Þar tiltekur dómari að hann hafi fengið athugasemdir við leiktíma frá þjálfara Fjölnis. Hann tiltekur jafnframt að þær athugasemdir hafi ekki verið í samræmi við leikklokku dómara sem hafi sýnt 42:30. Engin ástæða er til að rengja það. Dómarinn sýndi Kristjáni Jónssyni þjálfara Þróttar klukku sína og getur hann staðfest það sem á henni stóð og er farið fram á að hann sé kallaður fyrir til skýrslutöku. Jafnframt sýndi hann þjáfurum Fjölnis leikklokku sína eins og þeir geta staðfest. Rétt er að taka fram að dómarinn var með tvær leikklokkur eins og hann getur staðfest.

Kærandi heldur því fram að leikurinn hafi verið of stuttur. Það er því kæranda að sanna það. Það hefur hann ekki gert. Ekki hefur verið sýnt fram á að leiktíminn hafi verið stuttur. Hvorki leikskýrsla dómara, né sá tölvupóstur sem kærandi fullyrðir að feli í sér viðurkenningu dómara á „mistökum“ sínum felur í sér neina staðfestingu hans á því að leikurinn hafi í raun verið 35 mínútur. Þar er þaulreyndur dómari leiksins eingöngu að lýsa því að hann hafi aldrei áður lent í því að þjálfarar hafi dregið í efa það sem leikklokka hans sýnir. Og lýsa furðu sinni á því.

Kjarni málsins er sá að leikklokka hins reynda dómara sýndi að leiktíma var lokið. Leikurinn var því réttilega flautaður af. Ósannað er að leiktíminn hafi verið of stuttur. Telji úrskurðarnefndin engu að síður, þrátt fyrir ofangreint, fullsannað að leiktími hafi verið of stuttur er á því byggt að slíkt geti engan vegin leitt til þess að leikurinn verið endurtekin. Úrslit leiksins skulu engu að síður standa. Það er dómarsans að fylgjast með leiktíma leiksins eins og öðrum atriðum sem snýr að reglum leiksins og að hann sé spilaður í samræmi við lög og reglur KSÍ. Hafi hann gert mistök við tímatöku í leiknum, sem er mótmælt sem röngu og ósönnuðu, ber að líta á þau mistök á sama hátt og hver önnur mistök dómara við framkvæmd leiks. Fulljóst er að leikur verður ekki endurtekin þó að dómari hafi augljóslega gert mistök við dómgæslu leiks. Jafnvel þótt slík misstök hafi verið viðurkennd eftir á, sem er ekki tilfellið hér.

Og jafnvel ef líklegt er að þau misstök hefðu haft áhrif á niðurstöðu leiksins, t.d. augljós vítaspyrnudómur sem er sleppt eða bolti sem augljóslega fer yfir línu. Hvorugt er tilfellið hér.

Engin ástæða er því til að fallast á kröfur Fjölnis í málinu, í fyrsta lagi vegna þess að algerlega ósannað er, gegn mótmælum kærða, að nokkuð hafi vantað uppá leiktíma leiksins, og í öðru lagi vegna þess að jafnvel þótt slíkt teljist sannað þá leiðir það ekki til þess að leikurinn skuli endurtekin. Engin leið er til að átta sig á því meinta fordæmi sem nefnt er af kæranda enda liggja málavextir þess máls ekki fyrir. Þó virðist sem í því máli liggi fyrir svart á hvítu að leikurinn hafi verið of stuttur. Slíkt er ekki tilfellið

hér. Engar forsendur eru til þess að leikmenn þriðja flokks Þróttar eigi að bera hallann af ósönnuðum fullyrðingum þjálfara Fjölnis þess efnis að leikurinn hafi verið of stuttur, með þeim afleiðingum að tekin verði af þeim lögmætur sigur í Íslandsmóti.

IV.

Í tölvupóst dómara leiksins til mótastjóra KSÍ kemur eftirfarandi orðrétt fram:

Undirritaður, Gunnar Jarl Jónsson, flautaði leikinn af samkvæmt minni klukku á 42:30 eftir að hafa bætt tveimur og hálfri mínútu við leiktímann. Kári Jónasson, þjálfari Fjölnis, sem ég þekki afar vel benti mér á að klukkan sín væri aðeins rétt tæpar 36 mínútur. Ég sagðist ekkert botna í því frekar en að hann botni lítið í minni klukku þar sem mín klukka sýndi 42:30 og púlsklukkan sýndi heildartímann sem passaði.

Kári sagði að þetta kæmi báðum þjálfurum á óvart að leiktíminn væri búinn. Kári sagðist aldrei hafa lent í þessu áður og sagðist treysta mér fullkomlega en þetta væri aftur á móti "unique" dæmi.

Ég fór og náði í dótið mitt og settist niður til að græja leikskýrsluna á meðan þjálfarar liðanna héldu fund með sínum mönnum eftir leikinn eins og venjan er. Þegar ég hafði lokið því þá rölti ég að framhjá Kára og hans leikmönnum og byrjaði Kári þá aftur að ræða þetta mál. Einnig hafði foreldri frá Fjölni blandað sér í umræðuna og sýndi ég þeim tímann á mínum úrum sem voru tvö, annars vegar púlsklukka sem sýndi heildartímann og hins vegar dómaraúrið. Benti ég þeim á að ég gæti lítið annað gert en að styðjast við leiktímann sem væri hjá mér þar sem þetta væri sá leiktími sem stæði hjá mér og hvorugur aðstoðardómarinn var að taka tímann.

Þá kom á staðinn Valdimar Unnar, fyrrverandi dómari hjá KSÍ og núverandi þjálfari hjá yngri flokkum Fjölnis og sagðist hann hafa sett tímann af stað á þeim tíma sem ég flautaði síðari hálfleikinn á. Leiktíminn stæði í 35:41 á sinni klukku og væru því fjórar mínútur eftir samkvæmt því. Sagðist ég treysta Unnari mjög vel sem og Kára enda þekki ég þá einungis af einu góðu. Þegar leikurinn var flautaður af hafði Fjölnis minnkaði muninn í 4-3 með tveimur góðum mörkum eftir að hafa verið 4-1 undir.

Fór ég því og ræddi saman við þá Kristján, þjálfara Þróttar og Kára, þjálfara Fjölnis. Engar ráðstafanir voru gerðar í upphafi þegar leiktíma lauk og þar af leiðandi voru flestir leikmanna Þróttar farnir af svæðinu og í þann mund sem við vorum að ræða málin hófst leikur B-liða liðanna, Þróttar og Fjölnis.

Ég benti Fjölnismönnum á að það væri lítið sem hægt væri að gera í málinu að svo komnu en ég myndi skrifa í leikskýrslu að athugasemdir hefðu komið frá þjálfara Fjölnis, Kára Jónassyni, varðandi að leiktíminn hefði verið of stuttur að þeirra mati. Einnig sendi undirritaður tölvupóst á mótastjóra KSÍ, Birki Sveinsson, þar sem málavextir voru útskýrðir en hvoru tveggja var gert daginn eftir leikinn, þann 11. júlí síðastliðinn.

Undirritaður bað leikmenn Fjölnis og þjálfara afsökunar á þessum óvæntu og leiðinlegu aðstæðum en lítið væri hægt að gera í málinu núna að svo stöddu og ef leiktíminn væri of stuttur væru það mannleg mistök af hálfu dómara. Dómari leiksins er mannlegur eins og leikmenn liðanna og þjálfarar. Þykir undirrituðum það afar leitt ef leiktíminn hefur verið of stuttur og harmar það mjög. Hefur hann bæði tjáð þjálfara Fjölnis og leikmönnum það eins og kemur fram hér að ofan.

Hvorugur aðstoðardómaranna sem voru frá Þrótti tóku tímann og var því leiktími dómara eini tíminn sem hægt var að styðjast við hjá dómarafríðinu. Sá leiktími sýndi 42:30 þegar leikurinn var flautaður af. Leiktími þjálfara Fjölnis og áhorfanda úr hópi Fjölnis, Valdimars Unnars Jóhannssonar, þjálfara hjá yngri flokkum Fjölnis, sýndi 35:41.

Niðurstaða:

Í máli þessu er því haldið fram af kæranda að framkvæmd leiksins hafi ekki verið í samræmi við 26. grein Reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót og því beri að dæma leikin ólögmetan með vísan til 17. greinar sömu reglugerðar.

Af hálfu kærða er því haldið fram að ósannað sé að leiktíminn hafi verið of stuttur.

Í því dómafordæmi sem kærandi vísar til lá sannarlega fyrir að leiktími hafi verið of stuttur og því var sá leikur spilaður að nýju, enda um alvarlegt brot á Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót ef að leikur varir ekki fullan leiktíma.

Með vísan til þeirra upplýsinga sem fram hafa komið frá dómara leiksins til mótastjóra KSÍ þá verður að telja að klukka dómara sé sú eina rétta og sýndi hún 42,30 mínútur. Hér er um landsdómara að ræða. Því verður mál þetta ekki öðruvísi metið en svo að leikurinn sé í samræmi við 26. grein Reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót og því gildir í samræmi við ákvæði 17. greinar Reglugerðarinnar.

V.

Úrskurðarorð:

Úrslit í leik Þróttar gegn Fjölni í 3. Flokki karla frá 10. júlí 2012 skulu standa óbreytt.

Sigurður Guðmundsson

Helgi Magnússon

Gunnar Guðmundsson

Um áfrýjun:

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ skal vera 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.